# Að lifa með landinu

**Myndlist**

Bragi Ásgeirsson

Það hefur vafist fyrir okkur myndlistarrýnum blaðsins hvort það sé okkar hlutverk að skrifa um ljóðasýningar þær sem settar hafa verið upp á Kjarvalsstöðum undanfarið.

Hins vegar er það ekki frekar hlutverk bókmenntagagnrýnenda, því að hér er ekki um útgáfustarfsemi að ræða, heldur kynningu á ljóðum viðkomandi skálda, sem er sjónræns eðlis og fer inn á svið hönnunar. Uppsetningarnar eru stór hluti af framkvæmdinni, og það er sennilega okkar hlutverk að fjalla um þær svo og aðra sjónræna þætti.


Möguleikarnir eru hér ótæmandi og mætti til að mynda vísa til mismunandi leturgerðar, því að það fer miður vel að prenta lauflétt ljóð með þungu og þróttmiklu letri. Þetta atriði er enn ókannað, og svo hafa ljóð sumra skálda verið myndskreytt og mætti þá hugsanlega lífga upphenginguna með því að láta eina og eina mynd fylgja. Ekki endilega frummyndir heldur stækkaðar myndir eða hluta þeirra í svart-hvítu, eða jafnvel lit, en ný tölvutækni gerir það mögulegt.

Hér er aðeins hreyft við möguleikum, en þeir eru sem fyrr segir margir og ættu ljóðin að virka sem innblástur þeim sem falin er hönnunin, og þeirra skal sérstaklega getið í upplýsingum um hverja einstaka kynningu, sem nauðsynlegt er að fylgi, svo að framtakið skilji eftir einhverjar heimildir. Það væri mögulegt að sérhanna lítinn ritling með öllum ljóðunum sem til sýnis eru hverju sinni og gætu áhugasamir safnað þeim og hér er innan seilingar að búa til sérstakt og óvenjulegt ljóðasafn með mikið heimildar- og söfnunargildi.

Mikilvægast er þó að undirbúningurinn sé rúmur og kynningin standi lengur yfir. Mætti í þeim tilgangi verja þeim peningum sem nú fara í veitingar við hátíðlegar opnanir, en skenkja fólki mysu og súrmjólk í staðinn! Hef ég haft drjúga ánægju af þessu framtaki, en því miður misst af einni kynningu, sem var á ljóðum Hannesar Sigfússonar, vegna þess að henni var lokið er ég kom á staðinn.

Það má ekki gerast, að slíkar kynningar standi hálfan sýningartíma annarra sýninga á staðnum eins og átti sér stað, því að þetta á að vera alvöruframtak, en ekki einungis frumleg viðbót til að lífga upp á staðinn, því að þá er ljóðlistin orðin vinnukona myndlistarinnar, og til þess ætlast enginn sannur myndlistarmaður.

Og svo er einnig mögulegt að færa út kvíarnar og kynna óbundið mál. Yrði þetta þá mikilvægt framtak til málræktar með margþættum atriðum sjónlistar í bland.



**Matthías Johannessen**

— Um þessar mundir stendur yfir kynning á ljóðum *Matthíasar Johannessen*, en megineinkenni ljóða hans er öðru fremur rík tilfinning fyrir landi og þjóð. Hér hefði mátt túlka þessar tilfinningar á margan hátt og vísa einnig til sérstöðu hans sem Reykjavíkurskálds.

Að sjálfsögðu eiga ljóðin að vera í forgrunni, en myndskreytingar og hönnun eiga að styrkja þau og efla og laða að gesti Kjarvalsstaða og gera heimsókn á staðinn að enn meiri yndisauka og helgistund.

Ég minnist sérstaklega á þetta vegna þess að mér þykir uppsetningin á ljóðum Matthíasar full stöðluð og hrá, og möguleikarnir vannýtir, sem maður að hluta getur skrifað á kostnað hins hrjúfa og fráhrindandi umhverfis. Þó er allt í lagi með uppsetninguna á veggnum og að hafa einnig ljóð á glerinu er snjöll hugmynd, gerir þau loftkennd og næstum gagnsæ. Hér er sjónræna atriðið virkt og ég er einmitt að biðja um meira af slíku. En hins vegar eru skilrúmin dálítið umkomulaus og vandræðaleg í einhæfri uppsetningu sinni og eru alls ekki fallin til þess að auka á tjákraft ljóðanna. En ljóðin sjálf standa þó sannarlega fyrir sínu og þegar öllu er á botninn hvolft má það vera aðalatriðið

# Saknaðarfull munúð

Þegar *Jóhanna Kristín Ingvadóttir* kom fyrst fram á sýningunni „Ungir listamenn" að Kjarvalsstöðum 1983, urðu margir forviða. Einfaldlega vegna þess að verkin, sem blöstu við þeim er inn komu, gáfu allri sýningunni samstundis líf og lit og voru sem burðarás hennar.

Í þeim var eins konar dulúðugur lífsblossi og seiðgaldur, sem ekki hafði sést áður í íslenskri myndlist, en á sér rætur og grómögn í upphafi aldarinnar er Edvard Munch var fyrirmynd og áhrifavaldur umbrotasamra listamanna í Þýskalandi og víðar í álfunni. En áhrifin komu þó trauðla beint frá Munch, frekar um ýmsar krókaleiðir frá þeim sem urðu helteknir af norrænum galdri snillingsins, svo sem ég hef áður vísað til, t.d. meðlimum listhópsins die Brucke, og einnig seinni tíma listamönnum, er byggðu myndheim sinn á svipuðum grunni.



Auðvitað eru til íslenskir listamenn, sem hafa málað í hinni tilfinningaþrungnu úthverfu innsæisstefnu, en einfaldlega ekki frá þessari hlið.

Þessar fyrstu myndir Jóhönnu Kristínar báru svip af mögnuðum æskublossa og lífsundrun. Það var eins og kveikt væri á kerti í myrkri og eitt augnablik blasa dularmögn lífs og gróandi við skoðandanum, fersk og safarík. Töfraljómi og yndisþokki sem yfirskyggði hinn dökka grunntón myndanna.

Ljóst mátti vera, að hér var sleginn nýr tónn í íslenskri myndlist, sem var allt í senn ferskur, djúpur og myrkur.

En Jóhanna var þó enginn nýgræðingur í listinni, því að baki voru átta námsár sem skiptust jafnt milli heimaslóða og Hollands, auk þriggja ára sjálfstæðra rannsókna. Listakonan flýtti sér þannig hægt og ennþá einu sinni sannaðist máltækið, að sígandi lukka er best.

Þrátt fyrir að kenna megi sterk áhrif frá öðrum listamönnum í málverkum Jóhönnu, bera þau firnasterk einkenni hennar, og það er einungis óverulegur blæbrigðamunur á ljósmyndum af henni sjálfri og sumum sköpunarverkanna.

Svipmót hennar og yfirbragð allt einkenndi umkomulaust þunglyndi, samofið tortryggni og ótta. Hún var lítil, úfin og veikluleg, en það sem mest var þó áberandi í öllu þessu sköpunarverki voru augun, spurul, dularfull og ásakandi, og þau voru meira lýsandi en augu annarra, því að í kringum þau voru jafnaðarlega dökkir baugar – einungis mismunandi dökkir. Hún var nemandi minn tvö fyrstu námsárin í MHÍ, og á þeim tíma voru tengsl nemenda og kennara mun meiri og nánari en seinna varð. Mér kom hún þannig fyrir sjónir að hún væri næstum óraunveruleg, líkast skugga úr fortíðinni, og enga manneskju man ég eftir að hafa hitt, sem minnti mig oftar á heiti bókar Aksel Sandemose: „Hið liðna er draumur".

– Jóhanna Kristín Ingvadóttir kom sem fullmótuð á vettvang íslenskrar listar og þótt hún gerði mörg prýðileg verk á þeim átta árum, sem hún átti eftir ólifuð er mikil spurn, hvort hennar verði ekki minnst lengst fyrir hina glæsilegu frumraun sína. Í öllu falli var hún mestur meistarinn, er hún vann í dökkum myndum, þar sem líkast er sem ofurviðkvæmni einkenni pensilstrikin ásamt töfrum flauelsmjúkrar áferðar.

En ég varð var við, að ekki líkaði öllum umsvifalaust við þennan blakka sársaukafulla heim hennar, og kannski var það þess vegna sem hún reyndi að mála glaðhlakkalegri myndir. En það var einfaldlega ekki upplag hennar, þótt svo hún næði einnig ágætum árangri á því sviði, en hvergi nærri jafn dulúðugum, mögnuðum og sönnum. En hins vegar hefði hún vafalítið getað náð langt í andhverfu svarta litarins, sem eina hvíta myndin á sýningunni er til vitnis um. Í henni koma fram blæbrigði sem eru náskyld þeim í svörtu myndunum, einungis andhverfa þeirra.

Ef við lítum á það, að svarti liturinn styrkir og dýpkar ljósið, þá er hann einn fegursti tónn litakerfisins, enda litur lífsgleðinnar í sumum austrænum löndum.

Jóhanna naut sín best, er hún málaði beint út úr sér, þannig að myndir hennar bera svip af tilfinningagosi, en mun síður þegar hún gerði myndir að beiðni annarra, því að þá er eins og einhver horfi yfir öxlina á henni.

Enginn getur sagt hvernig þróunin hefði orðið ef Jóhönnu Kristínu Ingvadóttur hefði auðnast að lifa lengur, en öll sýningin að Kjarvalsstöðum ber mikilli hæfileikamanneskju vitni, sem sennilega hefur ekki verið með öllu meðvituð um sínar drjúgu listrænu gáfur.

Sýningunni að Kjarvalsstöðum er vel fyrir komið, en æskilegt hefði verið að meiri áhersla hefði verið lögð á dökka myndheiminn og reyna ekki að fjörga heildarsvipinn með skemmtilegri viðfangsefnum, því að í raun og veru eru lífsmögnin mest og upphöfnust er myrk en ómenguð sálarkvika listakonunnar lýsir upp sviðið.

# Claude Rutault

**Myndlist**

Bragi Ásgeirsson

Á alþjóðlegum listaverkamarkaði fer margt fram, sem krefst ýtrustu skilgreiningar til að hinn almenni listnjótandi fái melt það og meðtekið. Stundum er myndferlið í formi flókinnar gátu, sem einungis innvígðum er mögulegt að ráða ásamt eins konar mannvitsbrekkum í listasögufræðinni. Þetta er nefnilega þetta, sem á fagmáli nefnist „háintellekrúal" list, og er eins og hvísl á milli fárra útvaldra í réttrúnaðinum.

Haldi slíkir myndlistarmenn sýningar, eru listasögufræðingar eða listgagnrýnendur jafnan skammt undan með fyrirlestra, sendir á stúfana af umboðsmönnum sínum til að útskýra leyndardóma listar viðkomandi og miðla til óupplýstari einstaklinga þjóðfélagsins.

Ein álman á Pompidou-safninu í París er til vinstri við aðalinnganginn og í nágrenni hinnar stórglæsilegu bókabúðar á pallinum. Í þá sali legg ég jafnan leið mína, því að þar eru iðulega til sýnis hávísindalegar sýningar og þetta kemur mér við, eins og annað í list nútímans, og lætur mig ekki ósnortinn.

En þangað rata fáir og oft er ég einn í sölunum ásamt safnvörðunum, nema að maður mæti fólki sem er að leita að hliðarútgangi út á Rue du Renard eða Rue Beauborg.


Það hefur vakið athygli mína hve fáir koma þangað, en það er enginn dómur á það sem til sýnis er hverju sinni, heldur ber vott um að hér sé á ferðinni tormelt list, sem dragi ekki að sé fjöldann, jafnvel ekki á nýrri tímum ótakmarkaðs upplýsingaflæðis og meiri áhuga á listum en nokkru sinni í sögunni.

Mér datt þetta strax í hug, er ég skoðaði sýningu *Claudes Rutaults* í Kjarvarlssal á Kjarvalsstöðum, en hún minnti mig sterklega á ýmislegt sem ég hef séð í fyrrnefndum sölum. Þá er hún ekki langt frá sýningu landa han, Casals, í Vestursal fyrir fáum mánuðum, og er ekki ólíklegt, að sömu aðilar standi að markaðssetningu beggja. Nöfn þessara manna finnast hvergi í nýjustu uppsláttarritum mínum og skil ég síður hvaða erindi Kjarvalsstaðir eigi í markaðssetningu einstakra franskra myndlistarmanna. En mikið væri annars gaman, að fá hingað yfirgripsmeiri sýningu á ungri franskri myndlist eða einhvern þverskurð af hinu nýjasta í París og þá ekki allt samlitt, því að listin í heimsborginni er fjölþætt og spennandi um þessar mundir.

Í báðum tilvikum skín hin klára hönnun í gegnum ferlið ásamt umhverfisáhrifunum, sem þeir eru að reyna að framkalla, en hver á sinn hátt.

Rutault notar liti og frumform í ríkara mæli, en þar fyrir er meira en hæpið að hægt sé að kalla verk hans málverk, nema auðvitað í þeim skilningi að allt sé málverk sem málað er, sem að sjálfsögðu er rétt. En það sem við höfum nefnt málverk í listasögunni í nokkrar aldir þykja mér af allt öðrum toga.

Fyrir ári voru sýndir sex þættir um alþjóðlega hönnun á Stöð tvö og duttu mér þá allar dauðar lýs úr höfði, jafn óvenjulegt sem slíkt menningarframtak var úr þeirri átt, því vafalítið erum við aftast á merinni í þessum efnum í Evrópu. Þessi óvenjulega framkvæmd fæddi fljótlega af sér heilsíðugrein, þar sem ég þakkaði framtakið með virktum. En það sem mér finnst áberandi, er hve hugsunin er um sumt svipuð hjá sumum hönnuðunum og hjá Claude Rutault, einkum hjá einni



Morgunblaðið/Einar Falur

**Claude Rutault**

foldgnárri og flugmælskri sprund, sem mig minnir að hafi ábyggilega verið frönsk (Andreé Putman) og gekk út frá tærleika rýmisins og ljósum flötum. Ákaflega hrífandi og snjallt.

Að vissu marki hafði sumt á sýningu Rutaults svipuð áhrif á mig, einkum niðurröðun hvítra myndfleka á samlitaða veggi, svo og rauðu og grænu sérsmíðuðu skilrúmin er blasa við er inn er komið og ganga þvert yfir rýmið og skipta því, en ég hafði það samt meira á tilfinningunni, að ég væri innan um vel hannaða hluti og hnitmiðað litaval, en á málverkasýningu.

Almenningur er tvímælalaust orðinn meðvitaðri um fjölbreytni mannlífsins og minnist ég þá einnig þess, sem hinn heimskunni bílahönnuður Gerald Hirschberg orðaði svo réttilega: „Þá er framúrstefna gagnslaus ef allir eru að bisa við hana, því að þá vantar fastan punkt í tilveruna."

Á borði hjá gæslukonu liggja nokkrar sýningarskrár og ein er þeirra veglegust, en hún er af sýningu sem nú er í gangi á Pompidou-safninu og fer síðan til Grenoble og Dijon.

Þetta er fínn katalógur með myndum sem á mun skilvirkari hátt segja frá list Claude Rutaults en sjálf sýningin á Kjarvalsstöðum, en heldur þykir mér lesmálið drjúgt, en þetta er sem fyrr segir list, sem þarfnast nákvæmrar útlistunar fyrir meltingarfæri heilakirnunnar.

Þeim sem hafa hjarta og þörf fyrir slíkar skilgreiningar á vinnuferli listamanns, skal eindregið ráðlagt að verða sér úti um ljósritaða ritgerð hjá gæslukonunni, en þar kemur margt athyglisvert í ljós.